

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSSKYRSLA FYRIR ARIÐ 1984.

Isleifur Sumarliðason.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1984.

### 1. VEDURFARARSINS.

#### 1. 1. Tíðarfarsyfirlit.

I janúar var suðlæg átt tíðuast.

Hámark hita mældist 5.5 stig 9. janúar, lágmark -21.3 stig 14. s. m.

Meðalsnjódýpt var 57 cm.

I febrúar var suðlæg og suðvestlæg átt tíðust að tiltölu.

Hámark hita mældist 9.9 stig 24. febrúar, lágmark -16.7 stig 6. s. m.

Meðalsnjódýpt var 47 cm.

I marz var suðlæg og suðvestlæg átt tíðust.

Hámark hita mældist 9.3 stig 9. marz, lágmark -19.4 stig 1. s. m.

Meðalsnjódýpt var 12 cm. Jarðvegur nær frostlaus í skóginum.

I apríl var suðlæg og suðvestlæg átt enn lang tíðust.

Hámark hita mældist 17.6 stig 26. apríl, lágmark -9.2 stig 17. s. m.

I lok mánaðarins voru tún að byrja að grænka og brum á birki og lerki talsvert farið að þrútna.

I maí var nokkuð breytilegt átt, sunnan, sunnan, suðvestlæg og suðvestlæg átt voru þó tíðarinen norðan og norðaustlæg átt.

Hámark hita mældist 18.8 stig 27. maí, lágmark -8.0 stig 6. s. m.

A lágmarksmæli við jörð mældist frost 13 sinnum.

Tún talin algræn 21. maí. Lerki algrænt 27. maí og þá var birki farið að litkast og talið algrænt í lok mánaðarins.

I júní var breytileg átt, vestlæg átt þó einna tíðust.

Hámark hita mældist 22.8 stig 7. júní, lágmark 0.1 stig 27. s. m.

Frost mældist tvisvar á lágmarksmæli v/ jörð -2.2 stig í hvort skifti,

Óthagí var talinn algrænn 8. júní.

I júlí var vestlæg og norðvestlæg átt tíðust.

Hámark hita mældist 21.8 stig 17. júlí, lágmark 4.1 stig 1. s. m.

Þann 10. júlí var grassprettan orðin mjög góð og voru bændur þá í miðjum heyskap og í lok mánaðarins voru flestir búnir með heyskap.

I ágúst voru suðlæg og s.-vestlæg átt tíðar, en einnig vestlæg átt.

Hámark hita mældist 20.4 stig 24. ágúst, lágmark -0.1 stig 25. s. m.

Tvisvar mældist frost á lágmarksmæli við jörð, mest -1.7 stig 24. ágúst.

Þann 25. ágúst var birkiskógurinn bygjaður að gulna og lauf að falla af birki á melum eða grunnum jarðvegi, enda óvenjulegir þurkar.

I september var breytileg átt, norðan og n.austlæg átt tíðust.

Hámark hita mældist 17.3 stig 6. september, lágmark -4.3 stig 12. s. m.

Frost mældist 17 sinnum á lágmarksmæli v/ jörð, mest 6.7 stig 12. september.

Þann 2. september var skógurinn talsvert farinn að gulna, m lauffall lítilsháttar byrjað.

Þann 19. sept. var skógurinn alveg gulur, lauffall dálftið, lerkið var orðið mjög gult.

Þann 28. september var birkiskógurinn að mestu lauflaus, lerkið alveg gult og barrfall byrjað.

I október var breytileg átt, en austlæg og s.-austlæg átt þó einna tíðust.

Hámark hita mældist 8.3 stig 15. október, lágmark -6.7 stig 19. s. m.

Meðalsnjódýpt var 3 cm, aðeins var snjóförl, nema þrjá síðustu daga mánaðarins, þá var snjódypt mest 24 cm.

I nóvember var breytileg átt, austlæg og s.-austlæg átt þó einna tíðuast.

Hámark hita mældist 6.2 stig 12. nóvember, lágmark -12.6 stig 5. s. m.

Meðalsnjódýpt var 21 cm., mest 28 cm.

I desember var suðlæg átt tóðust, Hámark hita mældist 9.6 stig 11. desember, lágmark -13.9 stig 2. s. m.

Meðalsnjódýpt var 24 cm., mest 50 cm.

1. 2 Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1984.

	<u>Meðalhiti C°</u>		<u>Úrkoma mm.</u>	
Janúar	-6.7	( -4.5 )	65.5	( 93.3 )
Febrúar	-1.5	( -0.2 )	53.2	( 46.7 )
Marz	-0.6	( -3.0 )	43.6	( 63.2 )
Apríl	3.0	( -3.3 )	61.7	( 82.1 )
Maf	5.5	( 2.2 )	27.0	( 30.6 )
Júní	10.1	( 8.0 )	36.3	( 51.4 )
Júlí	12.5	( 9.7 )	20.9	( 45.8 )
Agúst	11.2	( 9.1 )	15.8	( 49.6 )
September	4.7	( 3.1 )	51.3	( 24.9 )
Október	0.5	( -0.2 )	69.7	( 203.0 )
Nóvember	-1.6	( -1.8 )	58.1	( 73.3 )
Desember	-1.1	( -6.9 )	61.8	( 79.7 )
<u>Arið</u>	<u>3.0</u>	<u>( 1.0 )</u>	<u>564.9</u>	<u>( 833.6 )</u>

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu 1983.

1. 3 Meðalhiti júní - september.

Meðalhiti júní - september var 9.6 stig, 1983 var meðalhiti sömu mánaða 7.5 stih.

## 2. V Ö X T U R O G Þ R I F T R J A G R Ö D U R S.

### 2. 1. Laufgun og lauffall.

I lok apríl var brum á birki og lerki talsvert farið að þrútna.

Þann 13. maí var leeki farið að litkast og 27. s. m. var það algrænt. Birkið var þá farið að litkast og algrænt var það í lok mánaðarins.

Vegna óvenjulegra þurka var birki á melum og grunnum jarðvegi farið að gulna og fella lauf um 25. ágúst.

Þann 2. september var skógurinn talsvert farinn að gulna og lauffall lítilsháttar byrjað.

Birkiskógurinn var að mestu lauflaus 29. september, lerkið alveg gult og barrfall byrjað.

### 2. 2. Vöxtur.

Vöxtur á lauftrjám var með ágætum, helzt var að þurkar drægu úr vexti.

Vöxtur á barrtrjám var einnig nokkuð góður, en minni á lerki en ætla mátti, eiga kalskemmdir frá haustinu áður þátt í því.

I gróðrarstöðinni mældist vöxtur á víði allt að 1.5 m.

### 2. 3. Fræfall.

Fræfall á birki var mjög mikið. Því miður var litlu safnað, aðeins 4-5 kg.

Lifið var af könglum á barrtrjám.

### 2. 4. Skaðar á trjám.

Talsverðar frostskemmdir komu fram á lerki í skóginum frá haustinu 1983. Svo var einnig á alaskaösp í gróðrarstöðinni, nema á kæminu C 06.

I september kom hér Þór Þorsteinsson á vegum Rannsóknarspöðvarinnar á Mógilsá til þess að athuga um skemmdir og útbreiðslu köngurlings.

Kom það í ljós að útbreiðsla hans hér í skóginum, sem var reyndar vitað, er á mög takmörkuðu svæði, nánar tiltekið í reit nr. 409. Þar er rauðgreni, gróðursett 1949.

Auk þessa er svo köngurlingur áberandi í Kristnesi, sérstaklega á broddgreni en einnig á sitkagreni og rauðgreni. Vitað er að köngurlingur er nokkuð víða á Akureyri.

Frostskemmdir eftir haustið ~~þengar~~.

### 3. S T A R F S F Ó L K.

Ekki urðu aðrar breytingar á starfsfólki að Jóhann Isleifsson, kom til starfa í júní eftir að hafa lokið skógræktarnámi í Noregi.

Sá hann um gróðursetningu, grisjun, skógarhögg og umhirðu plantna frá júní til loka september.

Ráðskona var Svafa Hermannsdóttir.

Flest var starfsfólk á launaskrá 22 manns í júní.

Í starfsáætlun fyrir 1984 var gert ráð fyrir 17.500 vinnustundum. Mér sýnist að þær hafi orðið um 2.200 fleiri en áætlað. Helztu ástæður voru meira skógarhögg en áætlað, svo og meiri vinna vegna vegagerðar.

Tekjur urðu líka meiri en áætlað og var því sendur hluti þeirra umfram tekna til Skógræktar ríkisins, R.vík til að vegna á móti umfram vinnustundum.

Tilraunagróðursetning 5000 plantna á vegum Rannsóknastöðvarinnar, svo og athuganir Þórs Þorfinnssonar á útbreiðslu köngurlings er talið með í vinnustundum hér.

### 4. G I R Þ I N G A R.

#### 4. 1. Viðhald.

Viðhald var mun minna en áður enda snjólétt,

Svo var heldur ekki lagt í viðgerð á girðingunni á Þórðarstaðafjalli. Raunar er sú girðing svo léleg að girða þyrfti hana upp, svo að ekki var lagt í það að sinni, hvað svo sem síðar verður.

Viðhalskostnaður varð kr. 45.53.-

Kostnaður við umsjón og smölun jókst mjög og varð kr. 46.738.-

Í Þórðarstaðagirðingu fóru 25 staurar 5 f. fúav., 20 staurar 6 f. fúav., 5 járnstaurar og 2 rl. gaddavír.

Í Sigríðarstaðagirðingu fóru 20 staurar 5 f. fúav.

Í Vaglagirðingu fóru 30 staurar 5 f. fúav. og 10 staurar 6 f. fúav.

Í Sandhaugagirðingu 10 staurar 5 f. fúav. og 10 staurar 6 f. fúav.

Birgðir af girðingarefni í árslok:

25 rl. vírnet.

5. SKÓGARHÖGG.

5. 1. Viður.

Skógarhöggið fór mest fram í Sigríðarstaðaskógi og þar kom einnig talsvert af viði í sambandi við vegagerð. Svo var einnig í Mela-og Stórhöfðaskógi, en þar fengust um 20 tonn viðar í sambandi við vegagerð.

Í Vaglaskógi var aðallega höggvið í reitum nr. 320 og 304.

Tekjur af skógarafurðum voru án söluskatts:

Staurar..... kr.	13.821.-	( 13.828.-)
Efniviður 336.3m -	32.652.-	( 49.126.-)
Arinnviður 1595 s-	140.021.-	( 57.581.-)
Reykviður.....-	272.311.-	( 110.575.-)
Birkikurl 2.275kg-	16.482.-	( 18.095.-)
Plattar 3.397 st.-	93.890.-	( 37.906.-)
<u>Samtals</u>	<u>569.267.-</u>	<u>( 286.611.x )<sup>4x983</sup></u>

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1984.

	Staurar 5 f.stk	Staurar 6 f.stk	Efniv. tonn	Reykv. tonn	Arinnv. tonn	Samtals Krónur
Sala 1984	65	167	3.36	99.640	35.090	569.267
S.r. Vöglum	85	40		3.000		17.900
Birgðir, unnið	670	1.993	5.00	700	x0.030	267.636
" óunnið	165	475	3.00	5.000		43.375
	985	2.675	11.36	108.340	43.120	898.178
Birgðir '83	860	2.100	9.00	20.000		205.310
Högg 1984	125	575	2.36	88.340	38.120	692.868
Tonn	0.63	4.03	2.36	88.34	38.12	133.48

Vinnustundir við skógarhögg voru kr453, laun og launatengd gjöld kr. 390.106.-

5. 2 Jólatré.

Aðallega voru jólatrén felld dagana 23.- 30. október. Alls voru felld 1.315 tré, á eftirtöldum stöðum:

	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Samtals.</u>
Vaglaskógur.....	5	41		46
Lautaskógur.....		23		23
Þórðarstaðaskógur.....	465			465
Fellsskógur.....	544		106	650
Asbyrgi.....	38			38
Sandhaugar.....	5	74		79
Vagfir, Þelamörk.....	6			6
<b>Samtals</b>	<b>1.071</b>	<b>138</b>	<b>106</b>	<b>1.315</b>

Áf þeim seldust 1.290 tré sem skiftast þannig eftir stærð:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafafura</u>	<u>Fjallabínur</u>	<u>Samtals</u>
70-100	73	13	10	96
101-125	367	58	37	462
126-150	334	44	28	406
151-175	147	20	7	174
176-200	75	1	1	77
201-250	18			18
251-300	3			3
301-400	6			6
401-500	2			2
501-600	1			1
701-800	1			1
Samsett	19	2	23	44
<b>Samtals</b>	<b>1.046</b>	<b>138</b>	<b>106</b>	<b>1.290</b>

Farnar voru sölufærðir til Dalvíkur, Húsavíkur og í Mývatnssveit.

Tekjur skiftust þannig:

	<u>Sala</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mism.</u>
Jólatráf.....	589.498		589.498
Innfl. greinar.....	179.265	126.172	53.093
Ísl. greinar.....	27.207		27.207
Könglar.....	<u>3.074</u>	<u>2.383</u>	
Samtals	<u>799.044</u> <u>670.489</u>	128.555	541.934

Kostnaður við töku á jólatrjám og greinum, bóntun, sölu og afhendingu var kr. 114.115.-, vinnstundir 850, 150 vinnustundum færra en á s. l. ári. Nú var snjólfitið og reyndar snjólaust þegar mikill hluti af trjámum var tekinn og flýtti það mjög fyrir.

6. GRÖÐRARSTÖÐ.

6. 1. Fræplöntur.

Sáning hófst 10. maí og lauk 14. s. m. Að þessu sinni tókst sáningin í heild illa og var spírun léleg. Erfitt er að finna ákveðna orsök fyrir þessu óhappi, en þetta er í fyrsta sinn á 35 árum sem svo illa tekst til.

6. 2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 16. maí og lauk um miðjan júní. Dreifsettar voru 97.800 plöntur. Vafðar voru 93.000 plöntur í móbönd. Stungið var 23.000 græðlingum. Afhentar voru 10.500 dreifsetningarplöntur. Aætlaðar eru 125.500 plöntur til dreifsetningar næsta ár.

### 6. 3. Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 1.016.839.-, skjólbeltaplöntur fyrir kr. 33.112 og afhentar garðplöntur til Laugabrekku fyrir kr. 33.313.- (án söluskatts).

Farnar voru söluferðir til Húsavíkur, Dalvíkur Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Afhentar voru 29.384 garð-og skjólbeltaplöntur, en áætlaðar eru 51.225 plöntur til sölu og afhendingar 1985.

### 6. 4. Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 133.135 plöntur, var það um 32.000 plöntum færri en áætlað.

Birki 2/o gekk lítið út og talsvert var eftir af lérki sem ekki vannst í máli til að gróðursetja.

Seldar voru skógarplöntur fyrir kr. 325.007.-, afhentar plöntur til S. r., til nytjaskógræktar bænda og til einstaklinga fyrir kr. 672.971.-, samtals kr. 997.987.-

Áætlaðar 160.600 plöntur til afhendingar 1985.

### 6.5. Nýframkvæmdir.

Komið var upp gróðurhúsi sömu stærðar og gerðar og það sem byggt var s. l. ár.

Eftir er að ganga frá hurðum og opnanlegum gluggum á húsinu.

Húsið kom sér mjög vel gæm geymsla fyrir jólatrén á s. l. hausti.

Gengið var frá hurðum á tveim fyrri húsunum sem búið var að byggja.

### 6. 6. Sala og afhending.

Verðmæti seldra og afhentra trjáplantna:

Seldar garðplöntur.....	1.016.839.-	{ 665.287 }
Afhentar " .....	33.313.-	{ 20.830 }
Skjólbeltaplöntur.....	33.112.-	{ 14.994 }
Seldar skógarplöntur....	325.007.-	{ 304.338 }
Afhentar " ....	672.971.-	{ 357.598 }
<u>Samtals</u>	<u>2.081.242.-</u>	<u>{ 1.362.097 }</u>

Tölurnar í svigum, sýnar sölu og afh. 1983

6. 7. Kostnaður.

Vinnulaun og launatengd gjöld 1984:				Vst. '83.
Verkstjórn.....	kr. 140.878.-	1.075	vinnust.	{ 799 }
Ræktun skógarpl..	- 271.814.-	2.432	"	{ 2.668 }
Hreinsun "	.. - 33.471.-	318	"	{ 505 }
Ræktun garðpl....	- 304.894.-	2.635	"	{ 2.595 }
Jarðabætur.....	- 18.625.-	157	"	{ 40 }
Vetrarumbúnaður..	- 5.088.-	49	"	{ 102 }
Afgreiðsla.....	- 21.017.-	198	"	{ 214 }
Umhverfi.....	- 11.215.-	110	"	{ 105 }
Ösundurliðaö.....	- 4.049.-	33	"	{ 40 }
<b>Samtals</b>	<b>811.098.-</b>	<b>7.007</b>		<b>(7.066)</b>

7. GRÖÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir kæmi og plöntufjöldi.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufjöldi.</u>
Vaglaskógur	Blágreini	2/3	H. S. 825		1.380
"	Rauðgreini	2/3	Kvæfjord		24450
"	Dvergfura	2/4	Alpafjöll	Hálsmelar	650
"	Rússalerki	1/2	Hausjárvi	"	4.675
"	Sib.lerki	1/2	Sönsterud	"	2.280
					<u>11.435</u>
Vaglir, belam	Alaskalerki	1/2	Fairbanks		500
"	Rússalerki	1/2	Haujárvi		3.250
"	Sib.lerki	1/2	Sönsterud		6.500
					<u>10.250</u>
Öxnafell	Birki	1/2	Árnaldsstaðir		800
"	Blágreini	2/3	H. S. 825		400
"	Sib. lerki	1/1	Sönsterud		400
					<u>1.600</u>
Skuggabjörg	Rauðgreini	2/3	Kvæfjord		1.115
"	Stafafura	2/2	Skagway		10.780
"	Alaskalerki	1/1	Fairbanks		100
"	Rússalerki	1/2	Modo		4.395
"	Sib. lerkil/1-1/2		Sönsterud		7.810
"	Stafafura		20 kvæmi	Tilraunir	4.000
"	Kerki		10 "	"	975
					<u>29.175</u>
<b>Samtals</b>					<b>52.460</b>

Gróðursetning hófst 12. júl og lauk 5. júlí.  
Tekið var aftur til gróðursetningu 14. ágúst og lauk henni 28. s. m.

Laun og launatengd gjöld v/ gróðursetningar voru kr. 123.621.-. Þess skal getið að með í þeim kostnaði er gróðursetning á plöntum frá Rannsóknastöðinni á Mógilsá, bæði stafafura og lerki, sem áður getur.

Lerki það sem gróðursett var í ágúst var skyggt fyrir gróðursetningu og var það alveg gult þegar það var gróðursett.

### 7. Nytjaskógrækt hjá bændum.

#### Tafla yfir tegundir kvæmi og plöntufjölda.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Ytra-Fjall	Stafafura	2/3	Skagway	1.500
"	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	2.900
Fellsskógur	FJ. Rauðgreni	2/3	Kvæfjord	1.500
"	FJ. Sib.lerki	1/1	Sönsterud	1.000
"	FJ. "	1/1	Altai	1.500
"	SM. Rauðgreni	2/3	Kvæfjord	1.500
"	SM. Sib.lerki	1/1	Sönsterud	2.500
"	BB. Rauðgreni	2/3	Kvæfjord	500
Gvendarst.	Stafafura	2/3	Skagway	1.000
"	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	2.000
Laugafell	Stafafura	2/2	Skagway	2.000
"	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	2.000
Stafn	Stafafura	2/2	Skagway	1.000
Breiðamýri	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	1.000
"	Rússalerki	1/2	Hausjárvi	3.200
Þverá	Stafafura	2/3	Skagway	400
"	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	400
Víðifell	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	3.200
Fornhólar	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	500
	<u>Samtals</u>			<u>29.100</u>

Bændur fengu plöntur ókeypis, en sáu sjálfir um gróðursetningu. Girðingar voru fyrir hendi nema á Breiðumýri, þar var girð um 15 ha. lands, sem var kostuð af eigendum. Skógarv. leiðbeindi, svo sem tók voru á,

## 8. HIRÐING PLANTNA.

I Fellsskógi var haldið áfram að hreinsa frá plöntum. Þar voru bornir á 3 sk. af áburði á fjallapin, neðan við syðra hliðið á efra-vegi. Þinurinn snyrtur.

I Þórðarstaðaskógi var haldið áfram að hreinsa frá plöntum, aðallega meðan vegar, sunnan Beitarhústöfta. Plönturnar snyrtar.

I Vaglaskógi var hreinsað frá plöntum í reitum nr. 110, 319 og 320.

I Sigríðarstaðaskógi var einnig hreinsað frá plöntum á allstöru svæði

A Vöglum á Þelamörk var lerkið grisjað að hluta.

I Asbyrgi unnu þemenn í vikutíma í byrjun september við umhirðu plantna og grisjun birkiskógarins.

Kostnaður við umhirðu nýskóga var kr. 134.113.- og við umhiðu birkiskóga kr. 18.237.-

## 9. VEGAGERÐ.

Mikið átak var gert í vegagerð. Í Vaglaskógi var efri vegurinn lagfærður á pörtum og ekið mál í hluta vegarins.

Í Sigríðarstaðaskógi voru lagðar brautir víða um skóginn svo mun betra er að komast um vegna umhirðu og grisjunar.

Vegur var ruddur frá Melum út að Skuggabjörgum, ca. 3-4 km. meðfram ánni. Þrátt fyrir erfitt vegarstöði tókst sú vegagerð vel og á ýtustjórinna ekki sízt þakkir skilið fyrir fráganginn

Vinnulaun kr. 107.937.-

## 10. BYGGINGAR.

Fyrst og fremst var unnið að lagfæringum á raf-lögnum samkvæmt ósk eftirlitsmanna Rarik á Vöglum I og Vöglum II, Starfsmannabústað, Skemmu og Geyslu.

## 11. VELAR OG VERKFERI.

Keyptur var botaður Hiabkrani fyrir vörubifreiðina, kaupverð kr. 175.000.-, ennfremur krabbi, kaupverð kr. 15.000.- og timburkló, kaupverð kr. 25.000.-

Keyptur var staurayddari fyrir dráttarvél, Pále-Kombi. Einnig var keypt loftpressa og rörbeyjuvél.

Loks voru keyptar þrjár kjarrsagir og tvær keðju-sagir, gerð Jonsereds.

## 12. ÝMISLEGT.

### 12. 1. Ferðalög og fundahöld.

Sat aðalfund og stjórnarfund Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, svo og aðalfund Skógræktarfélags Eyfirðinga og aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

I júní fór ég með félagum úr Skógræktarfélagi og Bónaðarsambandi sýslunnar austur að Hallormsstöð.

Vann að endurreisn skógræktardeildarinnar á Svalbarðsströnd og kom á fundi í deildinni. Í því sambandi skal þess getið að Jón Benediktsson, fyrrv. yfirlöggregluþjónn á Akureyri, færði deildinni kr. 500.000.- til skógræktar á Svalbarðsströnd. Atti fundi bæði með gefandanum og stjórn deildarinnar í því sambandi.

Hélt fund með kvenfélaginu á Grenivík og sýndi skuggamyndir.

### 12. 2. Ferðafólk.

Ferðafólk var með langflesta móti. Tjaldvörður áætlaði gistinætur 11.728, en vafalaust eru þær allmiklu fleiri.

Tekjur af hjólhýsum var kr. 68.450.- af tjaldstæðum kr. 167.060.-, samtals kr. 235.510.- Kostnaður telst með vera kr. 73.461.-. Er þá eftir að reikna velavinnu.

Ekki verður hjá því komist öllu lengur að gera úrbætur og byggja upp varanlega að stöðu, enda í upphafi aðeins ætlað til bráðabúrgða sú aðstaða sem hér var komið upp.

Heilbrigðiseftirlitið hefur komið með kvörtun og fer fram á úrbætur.

12. 3. Annað.

Eigendur Halldórsstaða í Bárðardal eru áhugasamir um friðun birkiskógarins og óska aðstoðar og samvinnu við Skógrækt ríkisins við það.

Guðmundur Ólason, Smjörhóli í Öxarfirði girti ca. 3 ha. girðingu utan um fallegan birkiskóg. Færði honum fæðingar bærplöntur í byrjun september og aðstoðaði hann gróðursetningu.

Jarðýtan vann hér mikið s. l. sumar og haust, eins og áður getur. Plógherfað var um 1 ha. í Sigríðarstaðaskógi og ~~8~~ 8-10 ha. á Skuggabjörgum.

Mikil verkefni bíða ýtunnar við jarðvinnslu og vegagerð og má þar nefna Vagli á Þelamörk og Kristnes, en víðar er þörfin mikil.

Skemmuna þarf nauðsynlega að stækka og ófært er að vera með fúavörnina þar sem dagleg vinna fer fram, enda kvartar starfsfólkið yfir óþægindum.

*Guðmundur Ólason*  
Vöglum 5. febrúar 1985.